

## Söngdagskrá Ísaksskóla 2025-2026

### 25. - 29. Maí

#### **Eitt af blómunum**

Vikivaki

Sumar og sól

Komdu út að leika

Skólasöngur

### 1.- 5. júní

#### **Í síðasta skipti**

Vikivaki

Komdu út að leika

Eitt af blómunum

### Skólasöngur

Lag og ljóð: Björk Sigurðardóttir

Samið í tilefni af 90 ára afmæli Ísaksskóla árið 2016

Með fjör í augum, framtíð hjarta,

fyrir en varir byrja

lítil börn með lungu' og hjarta'

að leika sér og spyrja.

Í skóla fá þau svör og starf,

söng og gleði skarta,

visku, dyggð og von í arf,

í veganesti' að narta.

*„Lífið er eins og lækur sprækur,*

*lesum fleiri' og fleiri bækur.*

*Lífið er eins og lækur sprækur,*

*lesum fleiri bækur.“*

Börninn ná í boltann sinn,

bjallan var' að hringja,

úr frímínútum flykkjast inn

og fara svo að syngja.

Þau langar til að líða vel,

lesa, skrifa' og reikna,

fá vinskapa, hlýju' og vinabæla,  
í vinnubækur teikna.

*„Lífið er eins og lækur sprækur,  
lesum fleiri' og fleiri bækur.*

*Lífið er eins og lækur sprækur,  
lesum fleiri bækur.*

*Já, lífið er eins og ...“*

### Sumar og sól

Lag: Jerry Smith

Ljóð: Ómar Ragnarsson

Nú er kátt um borg og bæ

börninn syngja ha, ha, hæ.

Sólin skín, sæt og fín,

brósandi á börnin sín.

Allir krakkar út í leik,  
ólmost nú svo glöð og keik,  
enginn tollir inni við  
ef úti er sólskinið.

*Því nú er sumar, sumar,*

*sumar og sól,*

*sumar, sumar,*

*sumar og sól*

### Vikivaki

Lag: Valgeir Guðjónsson

Ljóð: Jóhannes úr Kötlum

Sunnan yfir sæinn breiða

sumarylunn vindar leiða.

Draumalandið himinheiða

hlær og opnar skautið sitt.

Vorið kemur, heimur hlýnar,

hjartað mitt!

Gakk þú út í græna lundinn,

gáðu fram á bláu sundin.

Mundu, að það er stutt hver stundin,

stopult jarðneskt yndi þitt.  
Vorið kemur, heimur hlýnar,  
hjartað mitt!

*Aaaa, aaaaa.*

*Vorið kemur, heimur hlýnar,  
hjartað mitt!*

Allt hið liðna er ljúft að geyma,  
láta sig í vöku dreyma.  
Sólskinsdögum síst má gleyma,  
segðu engum manni hitt!  
Vorið kemur, heimur hlýnar,  
hjartað mitt!

*Aaaa, aaaaa.*

*Vorið kemur, heimur hlýnar,  
hjartað mitt!*

### **Komdu út að leika**

Lag og ljóð: Auður Guðjohnsen

*Hæ, komdu út að leika  
því að veðrið er gott.  
Sólin svo skær hátt á himni hlær.  
Ljúfur er sumarblær.*

Krakkarnir bíða við húsvegginn  
komdu og vertu með!  
Allir hlaupa'um holt og hæðir  
gaman saman!

*Hæ, komdu út að leika  
því að veðrið er gott.  
Sólin svo skær hátt á himni hlær,  
ljúfur er sumarblær.*

Fallin spýta og feluleik,  
flugdreki' á fleygiferð!  
Allir hlaupa'um holt og hæðir  
gaman saman!

*Hæ, komdu út að leika  
því að veðrið er gott.  
Sólin svo skær hátt á himni hlær.  
Ljúfur er sumarblær.*

### **Eitt af blómunum**

Lag og ljóð: Benedikt H. Hermannsson og Páll  
Óskar Hjálmtýsson

Nú er tími til að syngja um  
þá sem koma heim úr skólanum  
og á bakinu með fúkyrðaflaum  
sem að fáir gáfu gaum.

Alltaf valin síðust í leikjunum,  
standa upp við vegginn á ballinu  
og svo kveljast þau úr efasemdum  
sem aukast svo með árunum

Og nú vil ég bara spyrja þá  
sem að standa bara og horfa á  
hvernig myndi sjálfum þeim verða við  
ef að enginn brygðist við.

Fyrir þau sem kjósa að sitja hjá  
horfa á aðra sem að ráðast á  
þau sem þurfa að bera farangurinn  
sem er miklu þyngri en þinn.

Þú veist alveg hver það er  
sem ég er að tala um  
því þú hefur áður séð

*Alla þá sem hugsa með hjartanu*

*alveg örugglega á rófinu*

*og með hæfileikana í blóðinu*

*og með brjáláð sens fyrir díteillum*

*eru samt einn af öllum litunum  
það er alveg nóg pláss í garðinum  
komdu og vertu með hinum blómunum  
og ég syng þetta fyrir*

Þú fékkst allar náttúru gjafirnar  
núna þarft þú bara að spotta það  
þessi heimur væri leiðinlegt pleis  
ef að allir væru eins

Þú ert fallegasti liturinn  
inni í risastóru litrófi  
ef þú spyrð, er eina heilræðið mitt  
farðu og finndu fólkið þitt

Þú veist alveg hver það er  
sem ég er að tala um  
því þú hefur áður séð

*Alla þá sem hugsa með hjartanu  
alveg örugglega á rófinu  
og með hæfileikana í blóðinu  
og með brjálað sens fyrir díteillum  
eru samt einn af öllum litunum  
það er alveg nóg pláss í garðinum  
fyrir þá sem hugsa með hjartanu  
alveg örugglega á rófinu  
og með hæfileikana í blóðinu  
og með brjálað sens fyrir díteillum  
eru samt einn af öllum litunum  
það er alveg nóg pláss í garðinum  
komdu og vertu með hinum blómunum*

*og ég syng þetta fyrir*

### **Í síðasta skipti**

Lag og ljóð: Pálmi Ragnar Ásgeirsson, Ásgeir Orri  
Ásgeirsson og Sæþór Kristjánsson

Ég man það svo vel,  
manstu það hvernig ég sveiflaði þér,  
fram og til baka í örmunum á mér.  
Ég man það, ég man það svo vel.

Því þessar minningar, minningar,  
kvelja mig, kvelja mig.  
Gerðu það, leyf mér að leiða þig.

*Í síðasta skipti,  
haltu í höndina á mér og ekki sleppa.  
Sýndu mér aftur hvað er að elska.  
O-o-o-o, segðu mér  
að þú finnir ekkert og enga neista,  
og slokknað í þeim glóðum sem  
brunnu heitast.  
Þá rata ég út.*

Ég man það svo vel,  
manstu það hvernig þú söngst alltaf með.  
Hver einasta bílferð sem tónleikar með  
þér.  
Ég man það, ég man það svo vel.

Því þessar minningar, minningar...

*Í síðasta skipti...*

